

# DRÖG AÐ REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 1058/2003 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

#### 4. gr. orðast svo:

Helstu verkefni Samskiptamiðstöðvar við táknmálstúlkaþjónustu eru annars vegar að veita táknmálstúlkaþjónustu gegn gjaldi eða endurgjaldslaust skv. nánari ákvæðum í gjaldskrá sbr. 4. mgr. 5. gr. og hins vegar að veita túlkanemum á háskólastigi verklega þjálfun samkvæmt sérstökum samningum við stofnanir sem annast menntun táknmálstúlka.

Samskiptamiðstöð er heimilt er að veita endurgjaldslausu táknmálstúlkaþjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks utan Reykjavíkursvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert. Við skiptingu sérstakrar fjárveitingar og afgreiðslu beiðna á grundvelli þessarar heimildar skal gæta jafnræðis milli notenda þjónustunnar, með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma, með eftirfarandi hætti.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Samskiptamiðstöð gera tillögu til ráðherra um skiptingu fjárveitingar næsta árs í eftirfarandi flokka, sem ráðherra staðfestir:

1. Táknmálstúlkaþjónusta vegna hagsmunagæslu notenda, t.d. vegna atvinnu, ökuskóla, húsfélags, bankaviðskipta, lögfræðiaðstoðar og sambærilegra tilvika.
2. Táknmálstúlkaþjónusta vegna velferðar, heilsu og félagslegrar þátttöku notenda, t.d. vegna skóla, námskeiða, ráðgjafar, félagsstarfs, upplýsingaöflunar og funda á vegum opinberra aðila.
3. Táknmálstúlkaþjónusta vegna þátttöku við aðrar aðstæður, t.d. vegna þátttöku notenda hjá trúfélögum og í frístundum og veislum.

Samskiptamiðstöð auglýsir eða felur þar til bærum aðila að auglýsa eftir umsóknum frá notendum um táknmálstúlkaþjónustu í framangreindum flokkum vegna hvers 6 mánaða tímabils. Ónýttar heimildir leggjast við fjárveitingu til ráðstöfunar á næsta tímabili. Ef umsóknir um táknmálstúlkaþjónustu í tilteknum flokki eru fleiri en hægt er að sinna miðað við fjárveitingu, skal Samskiptamiðstöð forgangsraða umsóknum notenda. Í forgangi skulu vera umsóknir um táknmálstúlkaþjónustu sem veitt er vegna aðstæðna þar sem táknmálstúlkaþjónusta er forsenda þess að umsækjandi geti staðið jöfnum fæti á við aðra borgara er varðar réttindi sín og skyldur.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990 og öðlast þegar gildi.